

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 21.6.14
Ábm. [Signature]	Svfr.
Afgr. [Signature]	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Samningur um innheimtu

Nafn og kt. kröfuhafa: _____ kt. _____

Heimilisfang: _____ netfang: _____

Símanr: _____ Bankareikningur: _____

1. Innheimta í viðskiptabanka

Krafan er stofnuð í viðskiptabanka og stillir kröfuhafi þann tíma sem krafa á að vera í banka. Að þeim tíma liðnum er krafan aðgengileg fyrir Sjóð til þess að hefja innheimtu. Kröfuhafi gerir samning við viðskiptabanka um aðgang Sjóðs að innheimtukröfum með rafrænum hætti (staðlað eyðublað). Sjóður hefur milligöngu og aðstoðar kröfuhafa við það ferli.

Kostnaður kröfuhafa er samkvæmt gjaldskrá/samningi við viðskiptabanka, en Sjóður þiggur enga þóknun fyrir þessa þjónustu.

2. Viðvörðunartígi

Krafa kemur með rafrænum hætti inn til Sjóðs á þeim degi sem kröfuhafi hefur óskað. Krafa er áfram sýnileg í banka skuldara og hægt að greiða hana í útibúi eða í netbanka. Kröfuhafi getur áfram sótt upplýsingar um greiðslur krafna beint úr banka í bókhaldskerfi.

Sjóður sendir út **innheimtuviðvörðun** í samræmi við 7. gr. innheimtulaga nr. 95/2008. Gjaldfrestur í innheimtuviðvörðun er 14 dagar og kostnaður skuldara í samræmi við reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl., með síðari breytingum.

Almennt er ekki gert ráð fyrir því að skuldari fái **fleiri áminningar** um skuldina á þessu stigi en kröfuhafi getur óskað eftir því sérstaklega. Skuldari ber kostnað af þeim aðgerðum í samræmi við reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. með síðari breytingum.

Kjósi kröfuhafi að setja kröfur í milliinnheimtu getur Sjóður veitt þá þjónustu.

Sérskir kröfuhafa um aðgerðir á frum- og milliinnheimtustigi:

Símtal

Milliinnheimtubréf

Annað / athugasemdir:

3. Löginnheimta

Fasteignagjöld

Hver gjalddagi fyrir sig er stofnaður í viðskiptabanka eins og áður greinir. Þegar viðvörðun hefur verið send og greiðsla berst ekki þá fer málið í frest þar til yfirstandi ár er liðið. Skuldari hefur þá tækifæri til þess að gera upp fasteignagjöld innan ársins með dráttarvöxtum og lágmarkskostnaði v/innheimtuviðvörðunar. Eftir að árið er liðið eru allar kröfur vegna hvernar eignar sameinaðar í eitt mál hjá Sjóði, með þessu móti lækkar innheimtukostnaður fyrir skuldara umtalsvert. Sjóður sendir út innheimtubréf þar sem lögð hefur verið innheimtupóknun á málið skv. gjaldskrá hverju sinni, með 14 daga gjaldfresti. Lagt er upp með að ná sambandi við skuldara og bjóða honum samning um uppgjör krafna. Málið heldur áfram í löginnheimtu þar til greiðsla berst.

Aðrar stakar kröfur með lögveði s.s. gatnagerðargjöld, vatnsskattur o.fl.

Hver gjalddagi fyrir sig er stofnaður í viðskiptabanka eins og áður greinir. Yfirleitt er einungis um einstaka gjalddaga að ræða og þá getur krafan verið lifandi í banka skuldara þar til farið er í þvingunaraðgerðir s.s. nauðungarsölubeiðni og kröfuhafi getur sótt greiðslur beint úr banka í bókhaldskerfi. Sjóður sendir út innheimtubréf þar sem lögð hefur verið innheimtupóknun á málið skv. gjaldskrá hverju sinni, með 14 daga gjaldfresti. Lagt er upp með að ná sambandi við skuldara og bjóða honum samning um uppgjör krafna. Málið heldur áfram í löginnheimtu þar til greiðsla berst.



Almennar kröfur sem eiga að greiðast mánaðarlega s.s. leikskólagjöld, skólavistun, skólamáltíðir, veitur o.fl.

Hver gjalddagi fyrir sig er stofnaður í viðskiptabanka eins og áður greinir. Þegar viðvörðun hefur verið send og greiðsla berst ekki þá bíður krafan eftir yfirferð á þriggja mánaðafresti. Sjóður sameinar þær almennu kröfur sem hafa komið inn á þriggja mánaða tímabili og tilkynnir vanskilin til sveitarfélags (hjá sveitarfélagi er hægt að taka ákvörðun um uppsögn, lokun veitu eða aðrar aðgerðir). Sjóður heldur áfram með eitt mál á hvern skuldara þar sem eru þriggja mánaða vanskil á almennum kröfum. Sjóður sendir út innheimtubréf þar sem lögð hefur verið innheimtubókun á málið skv. gjaldskrá hverju sinni, með 14 daga gjaldfresti. Sjóður sendir skuldara ítrekunarbréf ef á þarf að halda annars er lagt upp með að ná sambandi við skuldara og bjóða honum samning um uppgjör krafna. Eftir að árið er liðið eru vanskil sameinuð í eina kröfu og almennt lagt upp með að stefna skuldara vegna vanskilanna.

Kjósi kröfuhafi að stefna almennum kröfum gerir Sjóður það með lægsta tilkostnaði sem þekkist. Með því að stefna máli aukast líkur á greiðslum til muna en ef taka þarf dóm fyrir kröfunni fær sveitarfélagið 10 ára fyrningu á kröfuna sína en þarf einungis að greiða útlagðan kostnað (nú almennt að fjárhæð kr. 25.000.- auk þóknunar við undirbúning kröfu fyrir dóm til Sjóðs kr. 16.500.- auk vsk.)

Stakir reikningar – almennar kröfur

Hver gjalddagi fyrir sig er stofnaður í viðskiptabanka eins og áður greinir. Sjóður sendir út innheimtubréf þar sem lögð hefur verið innheimtubókun á málið skv. gjaldskrá hverju sinni, með 14 daga gjaldfresti. Sjóður sendir ítrekunarbréf ef á þarf að halda annars er lagt upp með að ná sambandi við skuldara og bjóða honum samning um uppgjör kröfunnar. Séu skuldari í vanskilum með aðrar almennar kröfur er málið sameinað þeim eftir að árið er liðið og tekin ákvörðun um hvort stefna skuli málinu á sömu kjörum og fram komu áður.

4. Kröfuvakt

Eftir að löginheimtu er lokið án þess að greiðsla hafi fengist fara kröfur í kröfuvakt þar til þær eru fyrndar. Aðgerðir í kröfuvakt má eins og allar aðrar aðgerðir í innheimtu aðlaga að hverjum og einum kröfuhafa eða kröfuflokki. Almennt er lagt upp með að eignakanna einstaklinga á hverju ári þar sem dómur liggur fyrir og kanna hvort hægt sé að ganga að eignum. Þá er lagt upp með að hafa samband við skuldara eða senda bréf vegna krafna í kröfuvakt einu sinni á ári fram að fyrningu.

5. Kostnaður, gildistími, uppsögn o.fl.

Kröfuhafi ber ekki annan kostnað af innheimtu krafna en greinir í samningi þessum. Samningur þessi gildir í 1 ár frá undirritun hans. Verði samningnum ekki sagt upp innan þess tíma framlengist hann sjálfkrafa í eitt ár í senn. Kjósi kröfuhafi að segja samningi þessum upp eða framlengir honum ekki greiðir kröfuhafi allan útlagðan kostnað til Sjóðs innheimtna þegar samningnum hefur verið sagt upp.

Staður og dagsetning

Kröfuhafi

F.h. Sjóðs innheimtu

Vottar að rétri dagsetningu, undirritun og fjárræði:
